



Skorradalshreppur
Mófellsstaðakoti
311 Borgarnesi

Dagsetning 17.9.2025
Málsnúmer FRN25080022

Afstaða vegna beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð – Vatnsendahlíð 189, Skorradalshreppi

Ráðuneytið vísar til erindis Skorradalshrepps, dags. 6. ágúst sl., þar sem óskað er eftir undanþágu frá ákvæði d-liðar 5.3.2.5 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um fjarlægð byggingar frá stofn- og tengivegum, vegna byggingarreitar fyrir frístundahús á lóðinni Vatnsendahlíð 189, Skorradalshreppi í 90 metra fjarlægð frá Skorradalsvegi sem er tengivegur skv. Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022. Rök fyrir umsókninni eru að betra sé að umrætt frístundahús sé ofan við skurð en ekki neðan til að komast hjá vatnsaga og að núverandi byggingarreitur sé mjög neðarlega á lóðinni miðað við stærð hennar.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti á fundi sínum hinn 16. júlí að óskað yrði eftir ofangreindri undanþágu.

Með tölvupósti dags. 15. ágúst sl. óskaði ráðuneytið umsagnar Skipulagsstofnunar um erindið. Í umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 10. september sl., kom fram að stofnunin geri ekki athugasemd við að undanþágan verði veitt.

Samkvæmt 13. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 getur ráðherra, þegar sérstaklega stendur á, og að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar, veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar. Undanþágur frá lögum og reglugerðum skal almennt túlka þröngt enda er um að ræða undantekningar frá meginreglum. Samkvæmt ákvæði d-liðar 5.3.2.5 gr. skipulagsreglugerðar skal ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús nær stofn- eða tengivegum en 100 metra og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 metra eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- eða tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 metra eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi.

Fram er komið að umræddur byggingarreitur er í 90 metra fjarlægð frá Skorradalsvegi sem er tengivegur. Þá liggur fyrir að hreppsnefnd Skorradalshrepps hefur samþykkt að óskað yrði eftir undanþágunni. Einnig liggur fyrir að Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að undanþágan verði veitt.

Með vísan til þess sem að framan er rakið fellst ráðuneytið á að veita undanþágu frá d-lið 5.3.2.5 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 vegna byggingarreitar fyrir frístundahús á lóðinni Vatnsendahlíð 189, Skorradalshreppi í 90 metra fjarlægð frá Skorradalsvegi.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra,

Rún Knútsdóttir

Kristín Sandra Karlsdóttir

Afrit:

Skipulagsstofnun